Þingskjal nr. __

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórn LH að setja í réttan farveg málefni um öryggi hestamanna meðfram þjóðvegum landsins og verði ávallt vakandi fyrir bættum og öruggari reiðleiðum fyrir hestamenn.

Greinargerð:
Öryggismálum hestamanna meðfram þjóðvegum og við þverun þeirra er ábótavant á mörgum stöðum. LH mun beita sér fyrir því að gamlar, aflagðar brýr fái nauðsynlegt viðhald þannig að þær nýtist ríðandi umferð.